

**Minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á álagningu, gjaldskrám og reglum**

Hér má sjá helstu tillögur um breytingar varðandi álagningu og gjaldskrár fyrir árið 2025:

Tillaga er um að útsvar verði óbreytt eða 14,97%

Lækkun á álagningarprósentu í A flokki úr 0,47% í 0,45% af fasteignamati og hefur álagningarprósenta á A flokk því lækkað úr 0,50 í 0,45% frá árinu 2022. Lækkunin er lögð fram til að mæta mikilli hækjun á fasteignamat á íbúðarhúsnæði í Flóahreppi á árinu 2025.

Lögð er til hækjun um 0,04% í C flokki eða úr 1,61% í 1,65%.

Lagt er til að lágmarks, hámarks og fast vatnsgjald hækki um 5% á milli ára. Álagningarstofn vatnsgjalds af fasteignum sem falla undir C flokk ásamt útihúsum verði áfram 0,3% af fasteignamati.

Gjaldskrá fyrir seyrulosun fylgir gjaldskrá Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. Árlegt seyrulosunargjald hækkar um 3,5%.

Lagt er til að gjöld fyrir sorphirðu við heimili lækki á árinu. Lækkunin nær til þeirra grunnfláta sem íbúum er skilt að hafa við íbúðarhúsnæði sitt skv. gildandi samþykktum. Gjald fyrir 140l lífræna, 240l almennan úrgang, 360l plast og 660l pappírstunnu verði alls 70.000 kr í stað 87.977 kr á árinu 2024. Sorpeyðingagjald er lagt á allt íbúðar- frístunda- og atvinnuhúsnæði í sveitarfélagini og er lagt til að gjaldið hækki um 5% á milli ára. Gjaldið kemur að hluta upp í það fasta gjald sem sveitarfélagið greiðir í rekstur sorpkerfisins.

Afram er lagt til að fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald hafi tök á því að nálgast inneignarkort sem hægt er að nýta á söfnunarstöð í Hrísmýri. Lagt er til að inneign ársins sé 500 kg á hverja fasteign sem greiðir sorpeyðingargjald.

Lagt er til að sveitarfélagið standi áfarm fyrir opnum dögum á söfnunarstöð í Hrísmýri að vori og þá geta íbúar hent án þess að nota inneignarkort eða að þurfa að greiða skv. gjaldskrá þjónustuaðila.

Tillaga er gerð um að halda gjaldi á búfjáreigendur sem eru með skráð búfé skv. skýrslum frá Matvælastofnun óbreyttu á milli ára.

Lagt er til að eftirfarandi gjaldskrár hækki um 3,5% frá 1. janúar 2025:

- Gjaldskrá fyrri akstur aldraðra og fatlaðs fólks
- Gjaldskrá fyrir mat og heimsendingu á mat fyrir eldri borgara
- Gjaldskrá fyrir vistunargjöld og fæðisgjöld leikskólans Krakkaborgar
  - 20% álag er lagt ofaná öll vistunargjöld nemenda þar til 2 ára aldri hefur verið náð
- Gjaldskrá vegna frístundar við Flóaskóla

Lagt er til að gjaldkrá félagsheimilanna hækki almennt um 5% hækjun en þó standa nokkrir liðir í stað.

Lagt er til að gjaldskrá fyrir hundahald verði óbreytt.

Sveitarstjórn mun vinna að gjaldskrá vegna fráveitugjalda, setja úthlutunarreglur vegna úthlutunar lóða ásamt því að endurskoða samþykktir um gatnagerðargjöld.

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*